

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

#### 1. gr.

Liðir H13-H14 í III. viðauka reglugerðarinnar orðast svo:

- H 13 „Næmandi“: efni og efnablöndur sem við innöndun eða ef þau berast gegnum húðina geta valdið ofnæmi þannig að frekari váhrif frá efninu eða efnablöndunni valda sérstökum, skaðlegum áhrifum.
- H 14 „Hættulegt umhverfinu“: efni og blöndur sem geta haft bráð eða síðkomin skaðleg áhrif á gerð eða starfsemi náttúrulegra vistkerfa.

#### 2. gr.

Á eftir H 14 í III. viðauka reglugerðarinnar bætist við nýr liður:

- H 15 Efni og blöndur er kunna, eftir að þeim hefur verið fleygt, að geta af sér annað efni, t.d. skolvökva, sem hefur einn af ofanefndum eiginleikum.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana, sem vísað er til í tölulíð 32ff í V. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2011 þann 1. júlí 2011.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í a. lið 43. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 30. október 2014.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*